

- c. Strandferðaskip, sem um getur í c-lið 29. gr., greiði kr. 0.45 af hverri nettórúmlest í hvert sinn, sem þau koma til hafnarinnar.
- d. Öll önnur skip, nema varðskip og björgunarskip, greiði kr. 0.75 af hverri brúttórúmlest fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta úr hálfum sólarhring. Bryggjuggjald skv. b-, c- og d-liðum þessarar greinar skal aldrei vera lægra en kr. 50.00 í hvert sinn.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi 1.—2. og 4.—6. gr. reglugerðar nr. 49 20. marz 1953 og reglugerð nr. 23 20. febrúar 1955, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók.

Samgöngumálaráðuneytið, 27. maí 1963.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Grafningshreppi, Árnassýslu.

Fasteignaskatt í Grafningshreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. maí 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 160 29. nóvember 1956, um takmörkun leigubifreiða á Akureyri og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. málsg. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Akureyri, skal á hverjum tíma takmörkuð við íbúatölu Akureyrar, þannig, að ein leigubifreið komi á hverja 225 íbúa. Reikna skal með tölu þeirra íbúa, sem lögheimili eiga á Akureyri samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaaptúnum, nr. 40 29. maí 1957, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. júní 1963.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 90.

5. júní.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu nr. 4 14. janúar 1949.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

I. Staðarhreppur.

1. Óspaksstaðavegur, af Norðurlandsvegi austan Hrútafjarðarar að Óspaksstöðum.
2. Síkárvegur, af Norðurlandsvegi hjá Bálkastöðum fram með Síká að Fossseli.
3. Staðarvegur, af Norðurlandsvegi neðan við Stað að Stað.
4. Hrútafjarðarhálsvegur, af Norðurlandsvegi hjá Brandagili yfir Hrútafjarðarháls, á Vesturárdalsveg norðan Húks (3 km austast í Fremri-Torfustaðahreppi).
5. Hrútafjarðarvegur, af Norðurlandsvegi ofan Reykjastapa um Mýrar og Bessastaði, að Bálkastöðum (Norðan Mýra er 1.1 km í Ytri-Torfustaðahreppi).
6. Eyjanesvegur, af Hrútafjarðarvegi að Eyjanesi.

II. Fremri-Torfustaðahreppur.

7. Skeggjastaðavegur, af Miðfjarðarvegi í Núpsdal, um Torfustaði og Skeggjastaði, á Vesturárdalsveg hjá Kollafossi.
8. Dalgeirsstaðavegur, af Skeggjastaðavegi við brú á Vesturá hjá Kollafossi fram dal að Dalgeirsstöðum.
9. Núpsdalsvegur, frá Miðfjarðarvegi hjá Efranúpi um Þverá að Fosskoti.
10. Núpsvegur, frá Núpsdalsvegi framan Efranúps yfir Austurárdalsháls á Aðalbólsvæg norðan Bjargarstaða.
11. Aðalbólsvægur, frá Austurárdalsvegi (sunnan ár) hjá Hnausakoti, yfir Austurá á væntanlega brú, að Aðalbóli.
12. Skárastaðavegur, af Austurárdalsvegi, yfir Austurá að Skárastöðum.
13. Barkarstaðavegur, af Austursíðuvegi um Barkarstaði að Barkarstaðasel.
14. Uppsalvegur, af Austursíðuvegi að Uppsölum.
15. Litlahvammisvegur, af Miðfjarðarvegi að Litlahvammi.
16. Fremri-Fitjavegur, frá Fitjavegi hjá Fremri-Fitjum, vestur yfir háls á Austursíðuveg hjá Bjargi.
17. Finnmerkurvegur, frá Fitjavegi hjá Fremri-Fitjum að Finnmörk.